

**609. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 14. mars 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 609 lögmætan.

Oddviti óskaði eftir heimild til afbrigða við dagskrá þannig að tvö mál bætist við dagskrá með málsnúmer 2303098 og 2303073. Var það samþykkt samhljóða og verða málin nr. 9 og 10 á fundinum.

Þá óskaði oddviti eftir því að mál nr. 12. yrði tekið fyrst á dagskrá fundarins og var það samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Samstarf um velferðarþjónustu á Vestfjörðum - 2210487

Tillaga starfshóps um aukið samstarf í velferðarþjónustu á Vestfjörðum um að sveitarfélög á Vestfjörðum vinni sameiginlega að barnaverndarþjónustu og þjónustu við fólk með fötlun, og að gerður verði samningur við Ísafjarðarbæ um að vera leiðandi sveitarfélag skv. 96. gr. sveitarstjórnarlaga. Jafnramt eru lögð fram drög að samningi vegna verkefnisins.

Mál frá 608. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.02.2023.

Eftir umræður var samþykkt samhljóða að fresta síðari umræðu til fundar sveitarstjórnar sem fer fram 28.03.2023.

2. Samþykkt um búfjárhald, endurskoðun - 2208006

Tillaga að endurskoðaðri samþykkt um búfjárhald í Tálknafjarðarhreppi lögð fram til fyrri umræðu.

Samþykkt samhljóða að vísa samþykktinni til síðari umræðu í sveitarstjórn.

3. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga - 2303008

Erindi frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 28.02.2023.

Bréfið var lagt fram og rætt.

4. Menningarstefna Tálknafjarðarhrepps - 2208089

Menningarstefna Tálknafjarðarhrepps lögð fram til staðfestingar.

Mál frá 8. fundi íþróttá- menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 07.03.2023.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða framlagða menningarstefnu Tálknafjarðarhrepps.

5. Rekstur tjaldsvæðis 2023 - 2301026

Tillaga um að rekstur tjaldsvæðis Tálknafjarðar verði leigður út í eitt ár í samræmi við það sem fram kemur í framlögðu minnisblaði.

Mál frá 40. fundi atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 08.03.2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að auglýsa til leigu aðstöðu og rekstur tjaldsvæðis Tálknafjarðar fyrir árið 2023 til eins árs með möguleika á framlengingu um eitt ár í samræmi við framlagt minnisblað. Gert sé ráð fyrir að leigutaki taki við aðstöðunni og sjái um allan daglegan rekstur svæðisins, markaðssetningu, innheimtu afnotagjalda, umhirðu, og viðhaldi á svæðinu. Leigutíminn sé 01.05.2023-30.09.2023 og gert ráð fyrir að svæðið opni fyrir viðskiptavinum ekki síðar en 15.05.2023 og loki í fyrsta lagi 15.09.2023. Í tilboðum umsækjenda komi fram tilboð um leigugreiðslu fyrir það tímabil sem um ræðir. Stefnt skuli að því að auglýsing þessa efnis birtist sem allra fyrst og umsóknarfrestur verði gefinn til kl. 12:00 föstudaginn 31.03.2023.

6. Starfsmannamál Tálknafjarðarhafnar - 2110201

Starfslýsing vegna sameiginlegs starfsmanns Tálknafjarðarhafnar og eignasjóðs.

Mál frá 608. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.02.2023 og 40. fundi atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 08.03.2023.

Framlögð starfslýsing er samþykkt með þremur atkvæðum og er sveitarstjóra falið að auglýsa starfið laust til umsóknar.

JÖH greiðir atkvæði gegn tillögunni og GJ situr hjá.

7. Íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefnd - 8 - 2303001F

Fundargerð 8. fundar íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 07.03.2023.

Fundargerðin er staðfest.

7.1 2208089 - Menningarstefna Tálknafjarðarhrepps

7.2 2303021 - Samkomusalir, gjaldskrá

7.3 2303022 - Bókasafn Tálknafjarðarðar, starfsemi 2023

7.4 2303023 - Íþróttamiðstöð, starfsmannamál 2023

7.5 2212664 - Fristundafulltrúi

7.6 2303003 - Til umsagnar tillögu til þingsályktunar um innleiðingu lýðheilsuáætlunar í íslenska löggjöf, 25. mál

8. Atvinnu- og hafnarnefnd - 40 - 2303002F

Fundargerð 40. fundar atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 08.03.2023.

Fundargerðin er staðfest.

- 8.1 2301026 - Rekstur tjaldsvæðis 2023
- 8.2 2110201 - Starfsmannamál Tálknafjarðarhafnar
- 8.3 2302001 - Fiskeldissjóður 2023
- 8.4 2303029 - Frumvarp til laga um breytingu á hafnarlögum
- 8.5 2302054 - Flóð í Tunguá 13.02.2023
- 8.6 2302101 - Bruni í Norður-Botni 23.02.2023
- 8.7 2301004 - Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2023

9. Almenningsamgöngur, útboð 2023 - 2303098

Kynntar niðurstöður útboðs vegna almenningsamgangna á sunnanverðum Vestfjörðum. Val tilboðs í almenningsamgöngur var tilkynnt 03.03.2023 og biðtími gildi í 10 daga frá þeim degi. Þar sem ekki kom fram kæra um val á tilboðsgjafa er heimilt að ganga til samninga við Gerðir-Útgerð frá með 14.03.2023.

Lagt fram. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir.

10. Gagngerar breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga kynntar - 2303073

Skýrsla starfshóps um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga lögð fram ásamt drögum að frumvarpi til nýrra heildarlaga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem byggja á niðurstöðum starfshópsins.

Lagt fram og rætt.

Sveitarstjórn lýsir áhyggjum af þeim skerðingum á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem boðaðar eru í framlögðum tillögum. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir og upplýsa sveitarstjórn.

11. Boðun 68. Fjórðungsping Vestfirðinga að vori - 2303064

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dags. 10.03.2023 þar sem boðað er til 68. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori, sem fer fram á Ísafirði 12.04.2023.

Lagt fram.

12. Sögufélag Barðastrandasýslu - 2303053

Erindi frá Sögufélagi Barðastrandasýslu dags. 09.03.2023.

Lilja Magnúsdóttir vakti athygli á vanhæfi sínu í málinu og vék af fundi. Varafulltrúinn Magnús Óskar Hálfðásson tók sæti hennar við afgreiðslu málsins og varaoddviti, Jóhann Örn Hreiðarsson tók við stjórn fundarins við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir með 3 atkvæðum að veita Sögufélagi Barðastrandarsýslu styrk að upphæð kr. 70.000,- til útgáfu Árbókar Barðastrandarsýslu 2022. JÖH og GJ sitja hjá.

13. Fiskeldissjóður 2023 - 2302001

Greinargerðir vegna umsókna Tálknafjarðarhrepps í Fiskeldissjóð árið 2023.

Lagt fram.

14. Frumvarp til laga um breytingu á hafnarlögum, nr. 61 frá 2003 - 2303029

Umsögn Tálknafjarðarhrepps dags. 06.03.2023 um drög að frumvarpi til laga um breytingu á hafnarlögum nr. 61/2023.

Mál einnig á dagskrá 40. fundar atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 08.03.2023.

Lagt fram.

15. Framleiðsla raforku á Íslandi. - 2303012

Erindi frá Samtökum orkusveitarfélaga dags. 20.02.2023 þar sem komið er á framfæri bókun sem var gerð á stjórnarfundum samtakanna sem fór fram 17.02.2023 varðandi framleiðslu raforku á Íslandi.

Lagt fram.

16. Staða og framtíð lagareldis á Íslandi - 2303067

Skýrslan "Staða og framtíð lagareldis á Íslandi", gefin út af Matvælaráðuneytinu í febrúar 2023 og unnin af Boston Consulting Group.

Lagt fram.

17. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (sameining Vinnumálastofnunar og Fjölmenningsseturs, þjónustustöðvar), 782. mál. - 2303046

Erindi frá Nefnda- og greiningarsviði Alþingis dags. 08.03.2023 þar sem Velferðarnefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (sameining Vinnumálastofnunar og Fjölmenningsseturs, þjónustustöðvar), 782. mál.

Lagt fram.

18. Tillöga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026, 795. mál. - 2303061

Erindi frá Nefnda- og greiningarsviði Alþingis dags. 09.03.2023 þar sem Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026, 795. mál.

Lagt fram.

19. Frumvarp til laga um grunnskóla (framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla), 128. mál. - 2303056

Erindi frá Nefnda- og greiningarsviði Alþingis dags. 09.03.2023 þar sem Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um grunnskóla (framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla), 128. mál.

Lagt fram.

20. Frumvarp til laga um brottfall laga um orlof húsmæðra, nr. 531972, með síðari breytingum, 165. mál. - 2303059

Erindi frá Nefnda- og greiningarsviði Alþingis dags. 09.03.2023 þar sem Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um brottfall laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum, 165. mál.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps tekur undir það sjónarmið að lög um orlof húsmæðra nr. 53/1972 verði í felld úr gildi enda eru lögin barn síns tíma og hafa lokið hlutverki sínu.

21. Til umsagnar tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 126. mál. - 2303055

Erindi frá Nefnda- og greiningarsviði Alþingis dags. 09.03.2023 þar sem Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 126. mál.

Lagt fram.

22. Ársreikningur Náttúrustofu Vestfjarða 2022 - 2303014

Ársreikningur Náttúrustofu Vestfjarða fyrir árið 2022.

Lagt fram.

23. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2023 - 2301025

Upplýsingagjöfin rædd.

24. Fundargerðir 2023 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2301063

Fundargerð 919. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 28.02.2023.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:45.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenny Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ)